

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 6 30. janúar 1970 um bifreiðamál ríkisins.

1. gr.

Við 1. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málslíður er orðist svo:

Sama skal gilda um starfsmenn á Norðurlandaskrifstofum Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem þar hafa starfað samfelld í minnst tvö ár, enda liggi fyrir ákvörðun fjármálaráðuneytisins þar að lútandi hverju sinni.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 10. maí 1983.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

REGLUGERÐ

um heyrnleysingjakennaranám við Heyrnleysingjaskólann árin 1982 og 1983.

1. gr.

Tilgangur kennslunnar er að veita sérfræðipækkingu í kennslu heyrnleysingja og starfsréttindi til heyrnleysingjakennslu. Rétt til þátttöku í náminu hafa þeir kennarar einir sem gegnt hafa minnst þriggja ára starfi við Heyrnleysingjaskólann og kenna að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ hluta fullrar kennslu meðan á námi stendur.

2. gr.

Námið skal skipulagt af Höskolan för lærarutbildning í Stokkhólmi í samráði við skólustjóra Heyrnleysingjaskólans, skólustjóra Bréfaskólans og menntamálaráðuneytið.

Námið skal miðast við þær kröfur sem Höskolan för lærarutbildning í Stokkhólmi gerir til menntunar heyrnleysingjakennara, en sniðið að íslenskum aðstæðum.

3. gr.

Til kennslunnar skal verja minnst 2110 kennslustundum. Hún fer fram í önnum með fyrirlestrum og starfsþjálfun, sem sænskir og íslenskir kennarar annast. Námið samsvarar tveggja ára sérnámi.

Nokkur hluti námsins fer fram í bréfaformi fyrir milligöngu Bréfaskólans.

4. gr.

Kennslan tímabilið 27. mars 1982 til 5. nóvember 1983 felst í eftirtöldum meginþáttum: